

1858.

23. marz.

4. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um að fyrst um sinn skuli setja tvo lögfræðinga sem málafærslumenn við landsyfirrættinn á Íslandi¹.

Samkvæmt allraþegnsamlegastri bænarskrá alþingis hefir dómsmálastjórnin borið undir Hans Hátign konúnginn og hann þann 19. þ. m. fallizt á, að dómsmálastjórnin megi setja tvo lögfróða menn fyrst um sinn til að hafa málaflutningsmanna starfa á hendi við hinn konúnglega landsyfirrætt á Íslandi, með skilmálum þeim sem hér segir:

að þeim sé veitt hið sama einkaleyfi til að flytja mál einstakra manna fyrir yfirrætti, sem öðrum málaflutningsmönnum í ríkinu er veitt eptir lögum;

að hver þeirra fái til launa 250 rd. á ári;

að fè þetta fyrst um sinn um 3 ár skuli taka úr sakagjaldssjóði Íslands, og

að það skuli verða borið undir alþingi, hvaðan fè skuli fá til launa þeim, ef það reynist, að sakagjaldssjóðurinn framvegis ei geti goldið fè þetta.

Um leið og eg skýri herra stiptamtmannum frá konúngsúrskurði þessum, verð eg að biðja yður að auglýsa í umdæmi því, sem yður er trúað fyrir, á þann hátt sem þér álítið hentuðastan, að bónarbréf um að verða settur í embætti þessi megi senda dómsmálastjórninni til 1. júlí þ. á.

¹) Sama dag ritaði dómsmálastjórnin hinum amtmönnum á Íslandi bréf líks innihalds.